



LOKAÐ MEÐ BÓKUN

Málnr.: **M-01813/AIG-13**

Dags: **6. október 2013**

Staður: **Flúðir**

Lýsing: **Hlekkist á í landingu**

Flugnemi í einkaflugnámi á vegum Flugskóla Íslands var á flugvélinni TF-GUS (Cessna 172), ásamt flugkennara. Um var að ræða prófflug, eða lokaflug fyrir verklegt próf Samgöngustofu. Á flugvelliðum að Flúðum stóð til að æfa landingar.



Eftir að flugneminn hafði lent á flugbraut 04 á Flúðum var tekið á

loft á flugbraut 22, en vindpokinn gaf til kynna að það væri nánast logn. Í aðflugi að flugbraut 22 var hraði í hærrí kantinum, eða um 70 hnútar, en flugneminn átti að framkvæma mjúkbrautar-snertilendingu á flugbraut 22. Á lokastefnunni voru 30° vængbörð valin og flogið var niður að flugbrautinni þar sem flugneminn slétti úr (flare out) flugferlinum án þess að snerta flugbrautina. Flugvélin flaut í kjölfarið í jarðhrifum inn eftir flugbrautinni og snerti hana innarlega. Eftir að flugvélin snerti flugbrautina tókst hún aftur á loft áður en hún lenti endanlega eftir brautarmótin. Þá mat flugkennarinn svo að þar sem lítið væri eftir af flugbrautinni og rafmagnslínur framundan að best væri að breyta snertilendingunni í fullnaðar (full stop) landingu. Flugkennarinn tók stjórnina, bremsaði og fullvissaði sig um að eldsneytisgjöf væri í hægagangi. Flugvélin rann út af



flugbrautarenda og inn á öryggissvæði og reyndi þá flugkennarinn að beina henni til vinstri til að auka vegalengd sem flugvélin gæti runnuð eftir á öryggissvæði. Flugvélin beygði aðeins lítillega en stefndi hins vegar enn á enda öryggissvæðisins þar sem girðing var staðsett.

Flugstjórinn dró því út eldsneytisblönduna að fullu og við það fór allt afl af hreyflinum en skrúfan snérist þó áfram. Flugvélin snerti að lokum á girðingastaur og stöðvaðist og vafðist gaddavír af staurnum um 270° upp á snarkolluna. Engar skemmdir urðu á flugvélinni að undanskildum minniháttar málningaskemmdum á snarkollunni eftir gaddavírinn.

Rannsóknarnefnd samgönguslysa lokaði málinu með bókun þann 24. október 2013.